

Steinunn Kristjánsdóttir

Vala Gunnarsdóttir

Helga Jónsdóttir

## Kortlagning klaustra á Íslandi

### Þingeyrar



Reykjavík 2015

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>ÞINGEYRAR</b> .....	<b>3</b>
UM KIRKJUR OG BÆJARHÚS Á ÞINGEYRUM.....	3
ÞINGSTAÐURINN ÞINGEYRAR .....	7
KÖNNUNARSKURÐUR 2015 .....	9
ÚRVINNSLA Í ÞRÍVÍDD.....	12
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>15</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>16</b>
<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>18</b>
1. FUNDASKRÁ .....	18
2. JARÐLAGASKRÁ.....	22
3. MATRIX/ FLÆÐIRIT JARÐLAGA.....	24
4. TEIKNINGAR .....	25
5. LJÓSMYNDASKRÁ .....	31
6. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM .....	42

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015  
Kortlagning klaustra á Íslandi: Þingeyrar  
Vettvangsskýrsla VIII

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Yfirlitsmynd yfir könnunarskurðinn á Þingeyrum árið 2015 (ljósm. Helga Jónsdóttir).

## **Inngangur**

Sumarið 2013 hófst vinna við nýja fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar um klaustrin fjórtán sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000-1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ.

Dagana 10.–12. ágúst 2015 var farið í vettvangsferð á Þingeyrar þar sem eitt þessara klaustra var rekið og grafinn könnunarskurður í bæjarstæðið þar. Starfsmenn voru fjórir talsins, auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra. Það voru Helga Jónsdóttir, Hermann Jakob Hjartarson, Scott Riddell og Vala Gunnarsdóttir. Starfsmennirnir sáu um töku könnunarskurðarins, ljósmyndun, skráningu og frágang gagna. Allir starfsmennirnir eru fornleifafræðingar en að auki er Scott doktorsnemi í umhverfisfræði og Vala er með meistaraáráðu í safnafræði.

Höfundar vilja þakka landeigendum á Þingeyrum, Ingimundi Sigfússyni og Valgerði Valsdóttur, fyrir hvatningu, velvild og ómetanlega aðstoð vegna rannsókna á jörð þeirra. Þá eru ábúendum, Gunnari Ríkharðssyni og Helgu Thoroddsen, sömuleiðis þakkað fyrir aðstoð vegna gistingar og frágangs á könnunarskurði.

## **Þingeyrar**

Þingeyraklaustur var formlega stofnað árið 1133 (Gunnar Karlsson 2008; Helgi Þorláksson 2008). Það er yfirleitt talið vera fyrsta klaustrið á Íslandi vegna farsæls reksturs þess í rúmar fjórar aldir. Þegar það var stofnað hafði einu sinni áður verið gerð tilraun til reksturs klausturs héraðs og fór hún út um þúfur. Það var á Bæ í Borgarfirði um 100 árum fyrr. Þingeyraklaustur varð mjög auðugt og var það rekið allt til ársins 1551 (Janus Jónsson 1887, bls. 182, 200).

### **Um kirkjur og bæjarhús á Þingeyrum**

Samkvæmt rituðum heimildum byggði Þorkell Trandill prestur fyrstur manna bú að Þingeyrum en hann er talinn hafa verið uppi um 1050–1117 (Biskupasögur I 2003, bls. 231). Margir telja því að kirkja hafi verið reist á Þingeyrum áður en klaustrið var stofnað. Eins er

óvíst hvenær og hvar klausturhús og klausturkirkjan voru reist og lítið vitað um byggingarnar sjálfar. Heimildir eru þó um að klaustrið hafi brunnið ásamt kirkju árið 1157, aðeins tæpum 25 árum eftir stofnunina (Finnur Jónsson 1778, bls. 31). Þetta bendir í það minnsta til klausturhúsa og kirkju á staðnum svo snemma og voru þau augljóslega endurbyggð. Til eru varðveitt nokkur innsigli frá Þingeyrum og sýna sum þeirra kirkjubyggingu sem gæti verið sjálf Þingeyraklausturskirkja. Óljóst er hins vegar hvort að innsiglin hafi verið gerð frá grunni eftir pöntunum, þ.e. að myndefnið á þeim hafi þá verið hannað út frá húsakosti staðarins og leturrönd bætt við. Í tilfalli Þingeyraklausturs virðist sem að samskonar kirkjubygging sé sýnd á öllum innsiglum og er því möguleiki á að kirkjan hafi lítið út eins og þar sést (mynd 1).



Mynd 1: Nokkur innsigli Þingeyraklausturs og ábóta.

Ekki er heldur vitað hversu oft kirkjan var lagfærð á þeim tíma sem klaustrið á Þingeyrum var starfandi, né hvort hún hafi verið endurbyggð á þessum tíma nema eftir brunann árið 1157. Þó er vitað að Guðmundur ábóti lét smíða upp framkirkju á Þingeyrum og fékk hann þá einnig skrúða, bækur og klukkur til kirkjunnar (Lögmannsannáll 1977, bls. 272). Árið 1315 var kirkja vígð á Þingeyrum af Auðunni biskup á Hólum, og virðist því sem að þar hafi hann verið að vígja þessa framkirkju (*Íslands árbækur* 1821, bls. 36).

Ljóst er af úttektum að klausturkirkjan var mjög auðug af gripum og bókum en í þeim er ekki getið um stærð né útlit hennar. Samkvæmt Sigurðarregistri frá árinu 1525 má samt ætla að útlötu hafi verið fjögur og háaltari að auki (*Íslenskt fornbréfasafn IX*, bls. 312–313). Lítið er hins vegar hægt að geta sér til um stærð kirkjunnar út frá þessum upplýsingum en til samanburðar má geta þess að í kirkjunni í Munkaþverárklaustri, sem var einnig Benediktínaklaustur og rekið á sama tíma í Hólabiskupsdæmi, voru fjögur til fimm ölturu (Guðrún Harðardóttir 1998, bls. 8).

Klausturkirkjan á Þingeyrum kann að hafa staðið allt til ársins 1619. Alltént tók þá Páll Guðbrandsson, sem var sýslumaður í Húnaþingi og umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða frá 1607–1621, niður kirkju á staðnum og reisti aðra í hennar stað (Annálar 1400-1800, III, bls. 56 og 101). Virðist þetta hafa verið klausturkirkjan því í heimildum segir að hinn 24. apríl 1608 hafi konungur gefið leyfi til rífa ofan Þingeyrakirkju og byggja hana aftur minni, þar of stór sé, svo hann þurfi ekki að kosta til hennar né annarra klaustursins húsa (Annálar 1400-1800 VI, bls. 387). Stærð eða gerð þessarar nýju kirkju er ekki þekkt en gera má fastlega ráð fyrir að hún hafi verið talsvert minni en klausturkirkjan. Leyfi konungs fyrir endurbyggingu hennar var í sama anda sem hann hafði áður boðað en fljótlega eftir siðaskiptin og lokun klaustranna sendi hann bréf til hirðstjóra og klausturhaldara á Íslandi og óskaði eftir því að kirkjur á klausturstöðunum skyldu minnkaðar. Í bréfinu, sem er frá 1560, segir að hinar stóru illa fögnu klausturkirkjur, sem ekki væri hægt að gera við á annan hátt, skyldi taka niður og byggja upp aftur í smærri mynd en timbrið úr þeim gömlu átti að nýta til þess (Íslenskt fornbréfasafn VIII, bls. 480-481).

Ekki er vitað hvort að þessum fyrirmælum hafi verið framfylgt allsstaðar en ljóst er af uppgreftinum á Skriðuklaustri að þar var í það minnsta byggð minni kirkja á grunni hinnar eldri. Það var raunar ekki gert fyrr en tæpri öld eftir að klaustrinu þar var lokað. Skriðuklausturskirkja er eina klausturkirkjan sem hefur verið grafin upp á landinu en fram kom við uppgreftinn að hún var um 15 metra löng á klausturtíma (Steinunn Kristjánsdóttir 2012, bls 80, 90–91).

Það var svo árið 1695 að Lauritz Gottrup, sem fékk klausturumboðið á Þingeyrum árið 1685, tók niður kirkju Páls og reisti veglega útbrotakirkju úr timbri í hennar stað. Til er lýsing á þessari kirkju en hún var um 13 metra löng í sjö stafgólfum, þar sem kór og kirkja voru undir sama formi. Steinlagður gangur var inn eftir kirkjunni en gólf var annars úr timbri. Að utan var kirkjan með skástoðum. Dyr voru á vesturstafni og aðrar út úr kór á suðurhlið (Hörður Ágústsson 1998, bls. 206-207). Lauritz Gottrup lét einnig endursmíða bæjarhús á Þingeyrum og lýsir séra Ólafur Gíslason, dóttursonur Gottrups, staðnum eins og hann mundi eftir honum sem barn. Hann segir: „Inngangur staðarins var með dönsku byggingarlagi, hlið nær því þriggja faðma á breidd, og svo hátt, að ríðandi maður gat rétt aðeins seilst með svipu yfir bitann, sem lá á tveimur sterkum dyrastólpum“. Innan við þetta hlið var sjálfur garðurinn „sem var steinlagður, rétt eins og borgarstræti, allur ferhyrningurinn hér um bil 7-8 faðma á hvern veg“ (Sigfús Blöndal 2013, bls. 87). Hefur þeirri spurningu verið varpað fram hvort að þarna hafi verið byggt á gömlum meiði klausturgarðs eða hvort Gottrup hafi eingöngu viljað

hafa húsakostinn með þeim hætti sem hann taldi best hæfa stöðu sinni (Guðrún Jónsdóttir 2006, bls. 267).

Fleiri lýsingar eru til af bæjarhúsum Þingeyra eftir að klausturhaldi lauk þar. Björn M. Ólsen sýslumaður, sem tók við Þingeyraklaustursumboði við upphaf 19. aldar, lýsti komu sinni þangað svo: „þótti mér þangað dauf aðkoma, þá hús voru fallin og fallferðug. Þó var kirkjan aumkvunarverðust, er ei var hættulaust að ganga inn í hana“ (Hannes Þorsteinsson 1918-1920, bls. 300–301). Árið 1807 reif Björn niður þau hús sem stóðu á Þingeyrum og byggði nýjan bæ og útihús. Birni var jafnframt skipað af yfirvöldum að reisa nýja kirkju á staðnum og var það gert árið 1817. Tók hann niður hina veglegu útbrotakirkju Gottrups og reisti aðra í hennar stað með torfhlöðnum veggjum, alþiljaða en í heldur minna formi, en á sama stað í miðjum kirkjugarðinum (Bryndís Zoëga ofl. 2006, bls. 16). Björn sagði að sá viður sem hafi verið eftir í gömlu kirkjunni, sem hafði staðið í yfir 120 ár, mætti kallast ónýtur. Sagði hann jafnframt að það hefði „stórum skemt hana, að hún var timburkirkja og torfveggir byggðir að henni 1787, svo allur snjór og regn, er á hana kom og á henni þiðnaði fór inn í hana“ (Hannes Þorsteinsson 1918–1920, bls. 302).

Nr.	Aldur	Stofnandi	Gerð	Stærð	Hvar
1	~ 1000 ?	?	Stólpakirkja?	12,5x9 m	Í dómhring?
2	1133 –1551	Jón Ögmundsson Klausturkirkja	Torf og timbur?	L: 20–23 m	Í túni norðan við bæ
3	1619	Páll Guðbrandsson	Torfkirkja?		Bæjarstæði
4	1695	Lauritz Gottrup	Útbrotakirkja	L: 13–14 m	Bæjarstæði
5	1819	Björn M. Ólsen	Torfkirkja	L: 13 m	Bæjarstæði
6	1864 (1877)	Ásgeir Einarsson	Steinkirkja		Stendur enn

Tafla 1: Kirkjur á Þingeyrum (byggt að hluta á töflu sem birt var í grein Coleen og Mehler, 2015).

Árið 1860 var torfkirkja Björns M. Ólsens orðin það hrörleg að ákveðið var að byggja nýja kirkju. Var steinkirkjan sem nú stendur á Þingeyrum reist á árunum 1864–1877 til þess að taka við hlutverki hennar sem sóknarkirkju. Gamla torfkirkjan á Þingeyrum var hins vegar ekki rifin fyrr en um aldamótin 1900. Var eitthvað af þiljum hennar notað í baðstofu á Geirastöðum og stóð hún til skamms tíma. Þiljurnar voru rósamálaðar með rauðum og bláum

lit. Timbrið úr kirkjunni var einnig notað í útiskemmu og hjall á Þingeyrum, sem síðar var breytt í íbúðarhús, eftir að bærinn þar brann veturinn 1924 (Páll V. G. Kolka 1957, bls. 685). Það hús er enn uppstandandi í dag sem hluti af gamla bænum og gistu fornleifafræðingarnir í því meðan á vettvangsvinnu þeirra stóð sumarið 2015.

Af þessari upptalningu má ráða að í það minnsta fimm kirkjur hafi verið reistar á Þingeyrum í árána rás – jafnvel sex ef dómhringur, sem sagt verður frá hér á eftir, er kirkjugarðsveggur um kirkju frá elstu tíð (tafla 1). Ekki er því víst að kirkjurnar hafi allar staðið á sama stað, eins og síðar verður vikið að. Steinkirkjan sem stendur enn var ekki reist á gamla kirkjustæðinu heima við bæ, heldur á nýju stæði norðvestan við það gamla, nokkuð fjær bæjarstæðinu (Sigm. Guðmundsson 1878; Kálund 1986, bls. 122). Í nýlegum frásögnum um gömlu kirkjuna og kirkjugarðinn kemur fram að kirkjustæðið hafi verið um það bil þar sem minningarmörkin standa nú en þar var safnað saman legsteinum úr gamla kirkjugarðinum áður en hann var sléttaður (Hulda Á. Stefánsdóttir 1987, bls. 58). Víða í túninu í kring eru dældir sem gætu verið gömul legstæði. Þá geta heimildir þess að Gottrup, sem lést árið 1721, hafi verið jarðaður í kór kirkju sinnar og er legsteinninn hans varðveittur í dag. Hann fannst í túninu og var þá nærri alveg sokkin í jörðu. Steinninn var grafinn upp og færður til kirkju (Hulda Á. Stefánsdóttir 1987, bls. 58). Því miður man enginn nákvæmlega hvar hann fannst en þannig hefði mátt finna út hvar kirkjan stóð nákvæmlega.

## **Þingstaðurinn Þingeyrar**

Vert er að huga að öðru en klaustrinu og rústum þess þegar Þingeyrar eru skoðaðar en eins og nafnið gefur til kynna var þar þingstaður fyrir klausturtíma. Brynjúlfur Jónson fornleifafræðingur fór á Þingeyrar árin 1894 og 1905 og taldi að þar væru margar minjar í jörðu frá þinghaldinu, t.d. raðir af þingbúðum og dómhringur (Brynjúlfur Jónsson 1895, bls. 8–9). Gerði hann grófan uppdrátt af þessum minjum en hann segir að búið hafi verið að slétta út allflestar þeirra þegar hann kom á staðinn árið 1905. Hann sagði:

„Á suðausturtúninu er nú einungis 1 tóft eftir, sem minnir á búðatóftir, t.a.m. á Þingskálum og Leiðvelli. Þó sést enn, að þar hafa verið fleiri slíkar búðir í röð. Nú eru þær aðeins útsléttar balar, sumir þó með laut eftir endilöngu, en á sumum sést hún ekki. Er mikið af slíkum böllum á suður- og vesturtúninu, og er auðséð að allir þeir balar eru útsléttar tóftir. En eigi treysti eg svo á minni mitt, að eg þori að ákveða, hve margar af þeim voru útsléttar 1894. Það gjörir líka minst til. Hið merkilega við þær er, að þær eru allar í samhangandi röðum. – Það er engin venja að peningshús, eða önnur hús er búum tilheyrja, standi í löngum röðum á túnnum. Svo er eigi heldur á Þingeyrum, þá er um þess konar hús eða þeirra tóftir er að ræða. Þar á mót er það víðast á fornum þingstöðum, að búðatóftirnar eru flestar í samhangandi röðum, og þeim röðum eru balaraðirnar á Þingeyratúni svo áþekkar að niðurskipun, að eg hika ekki við að taka þær fyrir leifar af

þingbúðatóftum, meðan ekki kemur fram nein sönnun fyrir, að það sé rangt“ (Brynjúlfur Jónsson 1907 bls. 26).

Daniel Bruun skoðaði Þingeyrar um svipað leyti og Brynjúlfur en sá engar minjar um þingið: “her findes næppe Spor mere tilbage deraf. Nogle Tomter, som ligge i Nærheden af den nuværende Kirke, hidrøre nemlig eftir Sigende ikke fra Thingstedet” (Bruun 1899, bls. 35–6).

Það væri forvitnilegt að rannsaka þessar minjar til að skera úr um eðli þeirra en lýsing Brynjúlfs á þingbúðunum gætu einnig átt við próventuhús eða einsetumannakofa. Til eru samningar fólks um próventu við Þingeyraklaustur og í sumum þeirra er einmitt tekið fram að fólkið muni gera sér hús á staðnum en hafa þjónustu frá klaustrinu. Þá eru dæmi um að fólk fái rúm í skála, þ.e. inni í klausturbyggingunni sjálfri. Enn annað dæmi er til um próventumann sem fékk líklega gamalt próventuhús þar sem fyrri próventuíbúi var látinn (sjá t.d. Íslenzkt fornbréfasafn IV, bls. 350; V, bls. 417; VI, bls. 659). Klausturhaldinu hafa því fylgt töluverðar byggingar, auk klaustursins sjálfs og peningshúsa.

Dómhringurinn er líkt og fyrr getur ekki síður áhugavert rannsóknarefni en klaustrið sjálft en hann er rétt tæpir 30 metrar í þvermál þar sem hann er stærstur. Sést hann vel á yfirborðinu, u.þ.b. mitt á milli bæjarstæðis og núverandi kirkju. Ýmsir hafa skoðað hringinn og lagt fram kenningar um hlutverk hans. Daniel Bruun var einn þeirra sem rannsakaði dómhringa sérstaklega og taldi þá yfirleitt vera réttir, fjárborgir eða gjafahringa (Bruun 1899, bls. 33). Sigurður Vigfússon fornleifafræðingur tók í sama streng og taldi að dómhringurinn á Þingeyrum væri hestarétt. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson hafa lagt fram svipaðar kenningar og bent á að inni í svona hringlaga rústum hafi farið fram ræktun eða að hey hafi verið geymt í þeim. Þá fundu þeir rúst kirkju og eina gröf inni í einum slíkum hring á Vesturlandi (1992, bls. 56).

Dómhringurinn á Þingeyrum hefur verið mældur með jarðsjármælum af tveimur mismunandi aðilum á undanförunum árum. Niðurstöðum úr mælingunum ber saman en þær sýna rúst innan hans og virðist hún vera af kirkju. Fyrri rannsóknina unnu starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands og Háskólans í Vín árið 2012 vegna sérstakrar rannsóknar á fornum þingstöðum á landinu. Innan dómhringsins mótaði fyrir hringlaga stoðarholum sem mynduðu ferhyrning og mældist hann um 12,5x9 metra stór. Einnig mældist rask sem gæti verið veggjaleifar upp við dómhringinn sjálfan (Coolen og Mehler 2015 bls. 23, 24–25). Starfsmenn á vegum Grampus Heritage & Training Ltd. mældu síðan dómhringinn og næsta umhverfi hans í tengslum við klausturverkefnið árið 2014. Þá voru sömuleiðis tvö svæði mæld með radar suður af íbúðarhúsinu en þar hafði Brynjúlfur Jónsson skráð rústir af



þingbúðum. Niðurstöður úr öllum þessum mælingum gáfu til kynna mikið viðnám í jörðu. Sýndu niðurstöður mælinganna dómhringinn sem hringlaga rúst, eins og sjá má á yfirborðinu, en einnig tvo mögulega innganga í hana ásamt nokkrum mögulegum stoðarholum. Tvær af stoðarholunum eru staðsettar við meintan inngang og gætu hafa verið af hliði. Loks sáust við mælingarnar rústir í kringum dómhringinn og á gamla kirkjustæðinu, sem svo er nefnt (Graham 2014, bls. 5–6).

Erfitt er að skera úr um hlutverk dómhringsins nema með könnunarskurði eða uppgrefti. Jarðsjármælingarnar sýna rúst stólpabyggingar innan þessa hringlaga garðs og benda þær eindregið til þess að þarna hafi ein af kirkjum Þingeyra staðið – hugsanlega sú elsta (sjá töflu 1).

## **Könnunarskurður 2015**

Veitt var leyfi til þess að taka einn könnunarskurð á bæjarstæði á Þingeyrum innan ramma klausturrannsóknarinnar sumarið 2015. Einnig var sótt um leyfi til að kanna dómhringinn til þess að skera úr um það hvort þar hafi elsta kirkja Þingeyra staðið en því var hafnað vegna friðlýsingar sem hvílir á honum. Könnunarskurðurinn var 2x2 m á stærð og var staðsetning hans ákvörðuð út frá niðurstöðum jarðsjármælinganna sem framkvæmdar voru af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands og Háskólans í Vín árið 2012 (mynd 6).

Sýndu mælingarnar aflanga byggingu sem liggur í austur-vestur en á austurgafli hennar er bogadregin útbygging. Var þetta túlkað sem kirkja með kór á austurgafli (Coleen & Mehler 2015). Rúst þessi virðist vera um 9 metra breið og allt að 23 metra löng, þ.e. stærri en þær kirkjur sem þekktar eru frá Þingeyrum eftir klausturtíma. Vesturgافل rústarinnar er að nokkru óskýr en sjá mátti móta fyrir stoðarholum með jöfnu millibili í veggjunum. Austurendi rústarinnar, sá bogadregni, virðist ekki undir sama formi og meginbyggingin sjálf. Þessi bogi eða kór er um 4,5 m breiður og 3,5m langur. Innan bogadregna svæðisins mældist sérstaklega mikið viðnám og gæti það bent til steinlagðs gólfs.

Ákveðið var sumsé að grafa könnunarskurð í þessa rúst til þess að ákvarða aldur hennar og gerð. Fengin var grafa til þess að taka efstu lögin af skurðinum í þunnum lögum. Kom strax upp keramik, járn, gler, krítarpípa, dýrabein og múrsteinsbrot en heimildir geta einmitt um eldvarnarvegg úr múrsteini í bæ Björns M. Ólsens. Talið er að hann hafi upphaflega tilheyrt húsum Gottrups klausturhaldara (Jón Eypórsson 1964, bls. 186). Líkt og fyrr getur, byggði Björn M. Ólsen upp bæjarhúsin að mestu leyti þegar hann kom þangað snemma á nítjándu öld. Ásgeir Einarsson, sá er lét byggja steinkirkjuna, reif síðan hluta torfbæjar Björns

og byggði timburhús við hann. Sá hluti gamla bæjarins sem eftir stóð var samt notaður þar til öll bæjarhúsatorfan brann vorið 1924. Í frásögn af því þegar bærinn var stækkaður eftir 1914 kemur fram að mikið af rauðri tígulsteinsmylsnu hafi fundist í jarðvegi, auk heilla múrsteina (Jón Eypórsson 1964, bls. 186, sjá einnig Hulda Á. Stefánsdóttir 1987, bls. 31). Freistandi er þess vegna að áætla að múrsteinninn hafi lent þar, sem könnunarskurðurinn var tekinn, um það leyti sem hús Gottrups voru rifin árið 1807 og nýja kirkjan hans Björns M. Ólsens var byggð árið 1817. Þessir tveir bæir hafa því staðið á sama stað.



Mynd 2: Efsta hleðslan hreinsuð (ljósmyndari: Helga Jónsdóttir).

Grafið var síðan með gröfunni um 45 cm niður að hleðslu úr grjóti sem hafði ca. stefnuna A-V. Hleðslan virtist mjög vel gerð en var heldur einkennileg. Hún samanstóð af sex samsíða röðum af smáum steinum. Steinarnir voru of rúnaðir til að vera stétt og var hleðslan einnig örlítið bogadregin og hæst fyrir miðju. Þessi hleðsla líktist því helst garði (sjá mynd 2).



Mynd 3: Torfveggurinn (J6) í plani, mynd tekin í norður. Gröfin í suðurenda sker vegginn (ljósmyndari Helga Jónsdóttir).

Ekki var grafið meira með gröfunni eftir að hleðslan kom í ljós. Undir henni var torfblandaður jarðvegur og fleiri lög af steinum, þ. á m. rauður múrsteinn. Það var engu líkara en að

steinunum hafi verið kastað á staðinn sem uppfyllingarefni í garðinn en þar ofan á var torfblandaður jarðvegur og loks hleðslan efst.

Í suðurenda skurðarins voru jarðlögin mikið röskuð. Þar fundust glerbrot, hvítleir og fleiri nýlegir gripir. Grunur vaknaði þá að í suðurendanum væri gröf (J2) og reyndist sá hann réttur (mynd 3). Undir steinalögnum var svo komið niður á mjög þykkann torfvegg (J6) sem innihélt mikið af hvítri gjósku úr Heklugosi árið 1104 (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 3–4).

Í norðurenda skurðarins var komið niður á stoðarholu sem mældist 80 cm í þvermál. Örlitlar viðarleifar voru í henni. Stoðarholan var fóðruð með grjóti og var að hluta til inni í torfveggnum. Ákveðið var að grafa upp vegginn en láta gröfina (J2) vera en hún virtist ekki mjög gömul miðað við gripina sem fundust í grafarfyllingunni. Skar hún torfvegginn á suðurhlið hans. Veggurinn var mjög hár eða um 110–120 cm en rétt tæpur metri var niður á hann frá yfirborði. Í vesturenda skurðarins komu síðan í ljós mannabein – fótleggjabein – án kistu. Þau voru það illa morkin að ekki tókst að ná þeim upp. Hafði þessi gröf (J10) verið tekin í gegnum þykka torfvegginn, áður en efri hleðslurnar voru gerðar. Grafið var niður á botn torfveggjarins í norðaustur horni skurðarins, samtals 210 cm, frá yfirborði mælt. Þrátt fyrir það fannst landnámslagið ekki undir veggnum, eins og gera mátti ráð fyrir. Hafði hann verið hlaðinn ofan á gulleitri forsögulegri Heklugjósku (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 3–4). Í suðvesturhorninu var síðan grafið niður á kistu með bronsskrauti sem virtist vera liljulauf. Kistan var svartmáluð sem bendir til þess að hún sé ekki mjög gömul. Einnig sást glitta í mjög heilleg handleggjabein ofan í kistunni og var þá ákveðið að hætta að grafa. Gröfin, sem virðist tiltölulega nýleg, hefur líklega raskað öllum torfveggnum á þessu svæði en hún kom – líkt og fyrr getur – í ljós í efstu lögum könnunarskurðarins (mynd 3).

Tekin voru sýni úr þeim gjóskulögum sem sáust en ekkert gjóskulag var „in situ“ í skurðinum. Voru gjóskulögin úr nokkrum eldstöðvum. Gjóska úr Heklu 1104 og gjóskulög úr Landnámssyrpunni voru greind með nokkurri vissu í veggjatorfinu en ekki var hægt að segja til með vissu hvað dökka gjóskulagið var. Það er líklega Kötlugjóska eða mögulega úr landnámssyrpu á 9. öld (Magnús Sigurgeirsson 2015, bls. 3–4). Niðurstöður greininganna benda alltént til þess að rústin sé af byggingu frá klausturtíma, að teknu tilliti til jarðvegsþykkunar. Þá benda jarðsjármælingarnar til þess að byggingin hafi verið kirkja og kemur aðeins klausturkirkjan þar til greina, sé horft til þess hversu stór hún er miðað við þær kirkjur sem eitthvað er vitað um á Þingeyrum (sjá töflu 1). Til að mynda mældist kirkjan sem Lauritz Gottrup lét byggja árið 1695 – eins og áður getur – um 13 m löng og stærst þeirra kirkna sem heimildir geta um á staðnum. Var hún útbrotakirkja úr timbri með kór undir sama

formi. Kirkjan sem fannst í könnunarskurðinum var byggð úr torfi en hún var allt að 23 m löng og með bogadregnum kór í minna formi. Greinilegt var að syðri langveggur hennar hafði verið nýttur sem undirstaða í garðsvegg. Norðan við hann fannst gröfin en það benti til þess að kirkjugarðurinn hefði náð langleiðina að bæjarstæðinu.


## Úrvinnsla í þrívídd

Þegar ljóst var af niðurstöðum könnunarinnar að klausturkirkjan hefði staðið rétt norðan við bæjarhúsatorfuna á Þingeyrum og að engar kirkjur hefðu verið byggðar á grunni hennar, þótti rétt að skoða nánar húsaskipan á staðnum. Forvitni lék einkum á að vita hvar kirkjustæðið á Þingeyrum var eftir að klaustrinu var lokað. Það tókst með aðstoð þrívíddartækni en með hjálp hennar var unnið úr öllum fyrirliggjandi upplýsingum um byggingar á staðnum.



Mynd 4: Þrívíð tilgátuteikning af Þingeyrum. Teikning: Vala Gunnarsdóttir.

Við yfirferð á heimildum frá Þingeyrum fannst kort sem Runólfur M. Ólsen gerði um miðja 19. öld af húsaskipan á Þingeyrum en faðir hans, Björn M. Ólsen, hafði byggt þar nýja kirkju og bæ úr torfi og grjóti skömmu eftir aldamótin 1800. Hluti af þessum bæ stóð allt til bæjarbrunans á Þingeyrum árið 1924. Einnig eru til ljósmyndir sem sýna hann ásamt nýrri húsum sem byggð voru á grunni torfbæjarins. Eitt af húsunum á ljósmyndunum er hjallurinn sem breytt var í íbúðarhús eftir brunann og stendur enn, enda þótt byggt hafi verið við það síðan. Með hjálp kortsins og ljósmyndanna var hægt að staðsetja gamla bæinn á Þingeyrum nokkuð nákvæmlega. Síðan var þrívíða tilgátuteikningin gerð út frá þessum gögnum og var hjallinum (gamla íbúðarhúsið) og núverandi kirkju bætt inn á réttan stað samkvæmt loftmynd. Ef skoðað er sama sjónarhorn og sést á ljósmyndunum má sjá glitta í kirkjunna í baksýn á réttum stað (myndir 4 og 5).




Mynd 5: Bærinn á Þingeyrum um 1910. Hluti gamla bæjarins sést og glittir í kirkjugarðshlið lengst til vinstri. Hjallurinn eða gamla íbúðarhúsið er til hægri á myndinni, það hús slapp við bæjarbrunann árið 1924. Mynd: Guðrún Jónsdóttir 2006, bls. 269).

Útlínur kortsins voru því næst lagðar yfir niðurstöður jarðsjármælinganna. Kom þá ljós að kirkjan sem Björn M. Ólsen byggði árið 1817 stóð sunnan við stóru kirkjubygginguna, sem könnuð var sumarið 2015, en ekki norðan við hana eins og alltaf var talið. Einnig má sjá að yngri kirkjugarðurinn er mun minni en sá sem kom fram við jarðsjármælingarnar. Kirkja Björns er sögð hafa verið byggð á grunni útbrotakirkju Gottrups og ef vel er að gáð sjást því mögulega á viðnámsmyndinni leifar af hinum steinlagða gangi í henni. Ekki var talið öruggt að ganga inn í kirkju Gottrups þegar að Björn kom á staðinn og sagði hann timbrið í henni ónýtt. Það er því ekki ólíklegt að hann hafi tekið kirkjuna niður fyrst og síðan reist þá nýju. Leiða má jafnframt líkur að því að torfkirkjan sem Páll Guðbrandsson byggði árið 1619 hafi líka verið reist á sama stað, frekar en á grunni klausturkirkjunnar sem stóð nokkru norðar en kirkjur Gottrups og Björns (mynd 6).

Það merkilega er að kirkjugarðsveggurinn sem lá í kringum kirkju Björns var áfastur bæjarhúsunum. Þetta þýðir að jarðað var að baki þeim og líklega ekki úti á túninu þar sem minningarmörkin eru. Jarðsjármælingarnar sýna aftur á móti miklar rústir þar og garð sem virðist vera annar kirkjugarðsveggur. Þetta gætu verið rústir klaustursins, ef það hefur verið byggt við klausturkirkjuna að norðanverðu, eða kirkjugarður frá tímum Lauritz Gottrups. Staðsetning yngri kirkjugarðsins á Þingeyrum gæti útskýrt örnefnið Munkaleiði rétt utan við garðinn en þau eiga, eins og nafnið bendir til, að vera leiði munkka. Fyrst er minnst á örnefnið í Frásögum um fornaldarleifar en þar segir að tvö mjög gömul, grasgróin leiði séu utantil við





Mynd 6: Fjólubláu línurnar sýna útlínur gamla bæjarins samkvæmt korti frá miðri 19. öld. Einnig má sjá kirkjurústina samkvæmt jarðsjármælingum, sem og könnunarskurðinn (Kort: © Natascha Mehler & Joris, Coleen, kortavinnsla og útskýringar: Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir).

sáluhliðið (1817–1823, II bindi 1983, bls. 463). Í lýsingum á Íslandsferð sinni árið 1858 segir Konrad Maurer að honum hafi verið sýnd Munkaleiðin utan kirkjugarðsins og sagt að þar lægju nokkrir munkar sem voru bannfærðir af ókunnum ástæðum (Maurer 1998, bls. 191). Í Örnefnaskrá Þingeyra eru Munkaleiðin kölluð Djáknaleiði og er þeim lýst sem þremur ávölum þústum. Fram kemur að þar séu jarðaðir brotlegir kirkjuþjónar sem ekki máttu liggja í

vígðri mold (Örnefnasafn: Þingeyrar, Sveinsstaðahreppur, Austur-Húnavatnssýsla, 1967, bls. 2). Þetta eru vissulega áhugaverðar upplýsingar, enda þótt erfitt geti reynst að treysta örnefnum og öðrum munnlegum heimildum. En samkvæmt jarðsjármælingunum má sjá að hjá sáluhliðinu nær eldri kirkjugarðsveggurinn úti í túninu sjö metrum lengra til norð-vesturs en yngri kirkjugarðurinn og hafa því þessi leiði ekki verið utan garðs á klausturtíma.

## Niðurstöður

Jarðsjármælingar á Þingeyrum benda til þess að miklar minjar séu í jörðu norður af bæjarhúsatorfunni þar. Þá benda heimildir til þess að bærinn hafi staðið um það bil á þeim stað sem hann er nú frá siðaskiptunum um 1550. Hann kann að hafa verið fluttur þangað frá eyðijörðinni Trumbsvölum eftir að klaustrinu var lokað, eins og munnlegar heimildir benda til. Rannsóknir sem fram fóru sumarið 2014 benda til mikilla umsvifa þar á klausturtíma en hægt væri að skoða hvort svo er með frekari rannsóknum, m.a. á öskuhaugum bæjanna tveggja.

Könnunin sumarið 2015 bendir ennfremur til þess að klausturkirkjan hafi staðið um 30 metrum norðan við bæjarstaðið en rústin sem fannst í könnunarskurðinum er að öllum líkindum af kirkju frá klausturtíma. Sé horft til þess sem fram kom við jarðsjármælingarnar var miðskip hennar allt að 23 metrar á lengd en á austurgafli var til viðbótar bogadreginn 3,5 m langur kór. Var hún byggð úr torfi en með timburstoðum í langveggjum. Þessi stærð og form rústarinnar passar ekki við aðrar kirkjubyggingar sem vitað er til að hafa staðið á Þingeyrum frá því að klausturkirkjan var rifin árið 1619.

Af könnuninni má jafnframt ráða að rústir klausturkirkjunnar séu tiltölulega heillegar, einkum vegna þess að kirkjustæðið virðist ekki hafa verið notað til nýrra bygginga. Kirkjan sem tók við af klausturkirkjunni árið 1916 var sennilega ekki reist á grunni hennar, heldur á bæjarhúsatorfunni sjálfri, líkt og þær kirkjur sem tóku við af henni þar til núverandi steinkirkja var byggð. Skera má síðan úr um það með frekari könnunum hvort klausturhúsin sjálf hafi staðið norðan eða sunnan við klausturkirkjuna en gera má ráð fyrir klausturhús og kirkja hafi myndað eina heild.

## Heimildaskrá

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1992). Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar. *Saga* 30, bls. 7–79.

*Annálar 1400–1800, III. Bindi*, (1933). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Annálar 1400–1800, VI. Bindi*, (1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Biskupasögur I. 2 bindi* (2003). Íslensk fornrit 15. bindi. Jónas Kristjánsson, Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Bruun, D., (1899). Arkæologiske undersøgelser paa Island foretagne i sommeren 1898. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1899, bls. 2–47.

